

Fundargerð

290. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Miðvikudaginn 12. ágúst 2020 kl. 9⁰⁰–10³⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Ása Hauksdóttir (ÁH), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Hildur Hauksdóttir (HH) (fjar.v.)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt, án áritunar

2. Fundir haustið 2020

Lagt er til að stjórnarfundir verði áfram fjarfundir á miðvikudögum kl. 9 – 10:30
Næsti fundur verði 2. september n.k.

Samþykkt að hafa stjórnarfundi á þriggja vikna fresti frá 2.september 2020.

3. Rekstraráætlun

Á síðasta fundi var farið yfir rekstur vöruflokka fyrstu 4-5 mán. 2020 og hann borinn saman við árið 2019 og drög að rekstraráætlun 2020. Við yfirferð á síðasta fundi koma fram að meiri óvissa er um rekstur ársins en oft áður.

ÓK fór yfir að áætlunin gerir ráð fyrir að hækka þurfi úrvinnslugjald á smurólú, framköllunarefnum, varnarefnum, pappambúðum, perur og hugsanlega plastumbúðir.

Stjórn fór yfir rekstur janúar – júní 2020, en búið er að færa tekjur fyrir það tímabil. ÓK taldi vanta uppá tekjur af innlendri framleiðslu.

Sagt var frá því að það vanti upplýsingar vegna innlendrar framleiðslu á málningu. ÓK fór yfir rekstraráætlun flokkana.

Stjórn ákveður að afgreiða og samþykkja gjaldabreytingar með tölvupósti eftir að búið er að yfirfara útreikninga.

4. Plastumbúðir

ÓK fór yfir að blandaðar plastumbúðir frá heimilum hafa verið sendar til Svíþjóðar og Þýskalands til flokkunar og síðan endurvinnslu og orkuvinnslu.

Flokkunarfyrirtækið í Svíþjóð eignast plastumbúðirnar og flokkar og ráðstafar en í Þýskalandi sér fyrirtækið um að flokka plastið. Eftir flokkun ákveður þjónustuaðili hvort hann ráðstafar plastinu sjálfur eða fær flokkunarfyrirtækið til að gera það skv. gjaldskrá.

Lagt var fram fundinum greinargerð frá þjónustuaðila um ráðstöfun blandaðra plastumbúða frá heimilum með ósk um hækkun á endurgjaldi og að hækkunin gildi frá janúar 2020.

Farið var yfir tillögur um breytt fyrirkomulag vegna endurgjalds fyrir blandaðar plastumbúðir frá heimilum sem felast í að greiða sérstaklega fyrir plast sem fer til endurvinnslu annars vegar og orkuvinnslu hins vegar.

ÓK fór yfir að endurgjald Úrvinnslusjóðs endurspeglar ekki þau markmið sem sett eru um endurvinnslu. Stjórn ræddi málið og telur að skipta eigi greiðslu fyrir blandað plast. Borga eigi meira fyrir efni sem fer í endurvinnslu, heldur en efni sem fer til orkuvinnslu.

5. Rafhlöður

Lögð var fram á fundinum skýrsla frá starfshópi um framkvæmd framleiðendaábyrgðar á rafhlöðum og rafgeymum sem notuð eru til að knýja ökutæki áfram. Stjórnarmenn ræddu hvert gæti verið framhald aðkomu Úrvinnslusjóðs að málinu og hvaða breytingar þyrfti hugsanlega að eiga sér stað í starfsemi og stjórn Úrvinnslusjóðs. Einnig var rætt hvernig álagning úrvinnslugjalds yrði háttáð.

Lagt var fram á fundinum erindi frá þjónustuaðilum þar sem óskað eftir því að fá að ráðstafa rafhlöðum óflokkuðum, að undanskildum líþíum rafhlöðum sem þurfa sérstaka gát við flutninga.

6. Önnur mál

Engin

Næsti fundur 2. september 2020 kl. 9:00

Fundi slitið kl. 10.30